

60. Fjórðungsping Vestfirðinga, haldið á Patreksfirði 2. og 3. október 2015 hvetur Innanríkisráðherra til að beita sér fyrir auknum fjárframlögum til Rannsóknarnefndar sjóslysa þannig að nefndinni verði gert kleift að rannsaka til hlýtar orsakir og tildrög sjóslysa við Ísland. Þannig má tryggja enn betur öryggi sjómanna. Nýleg dæmi sanna að fjölmörgum spurningum er ósvarað um orsakir og tildrög sjóslysa. Það verður ekki gert nema Rannsóknarnefnd sjóslysa séu tryggðar nægar fjárheimildir til rannsóknarvinnu.

Magnús Jónsson

60. Fjórðungsping Vestfirðinga, haldið á Patreksfirði 2. og 3. október 2015 hvetur Innanríkisráðherra til að beita sér fyrir auknum fjárframlögum til hafnarmála. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir einungis 212 milljónir til almennra framkvæmda sem duga skammt til viðhalds og nýframkvæmda. Fjölmörg verkefni liggja fyrir í hafnargerð í landinu og mikil þörf er á viðhaldi enda hafa framlög til hafnaframkvæmda og viðhalds verið skorin niður undanfarin ár. Miðað við fyrirliggjandi fjárlög og nýtt fjárlagafrumvarp er ólíklegt að verkefni sem liggja fyrir í Samgönguáætlun 2015-2018 komist til framkvæmda vegna fjárskorts.